

Viðauki 5 – Afreksstefna ÍF 2013 – 2020

Kostnaðarpáttaka

Afreksstefna ÍF 2013 - 2020 byggir á þrem flokkum, A-, B- og C-flokkum sem hafa mismunandi skyldur, kröfur og réttindi eftir því hversu langt þeir eru komnir í átt að því að vera afreksíþróttamaður.

Vegna æfingabúða innanlands og þátttöku í alþjóðlegum mótum gilda neðangreind viðmið:

Hlutur ÍF:

- Standa fyrir fræðslu og kynningu tengdri „afreksíþróttamennsku“
- Aðgengi afreksíþróttafólks að stoðteymi ÍSÍ
- Sinna samskiptum við Afrekssjóð ÍSÍ þ.m.t. að að senda inn umsóknir í sjóðinn í samráði og samvinnu við félagsþjálfara aðildarfélag ÍF og landsliðsþjálfara ÍF.
- Greiða kostnað vegna landsliðsþjálfara og fylgdarfólks vegna innlendra og erlendra verkefna
- Greiða ferðir, fæði og uppihald meðan á verkefni stendur (sjá nánar ákvæði „skyldur ÍF gagnvart hverjum flokki“)
- Tryggja íþróttafólk, þjálfara og annað fylgdarfólk í samræmi við váttryggingaskilmála ÍF hverju sinni
- Útvega upphitunarfatnað og eftir því sem við á annað tengt þátttöku íþróttafólks í einstökum viðburðum
- Að auki eru skyldur ÍF gagnvart hverjum flokki:
 - A-flokkur – greidd þátttaka í EM, HM, ÓL-mótum. Að auki þátttöku í einu móti/æfingabúðum erlendis á ári.
 - B-flokkur – greidd þátttaka í EM, HM, ÓL-mótum. Að auki þátttöku í einu móti erlendis á ári með allt að 40% þátttöku íþróttamanns í kostnaði.
 - C-flokkur – greidd þátttaka í EM, HM, ÓL-mótum. Að auki þátttöku í einu móti erlendis á ári með allt að 50% þátttöku íþróttamanns í kostnaði.
 - U-flokkur – fær tækifæri til að taka þátt í NM hafi viðkomandi keppnisrétt með allt að 60% þátttöku íþróttamanns í kostnaði

Markmið að allar greinar fái sömu möguleika á að senda keppendur á mót erlendis. Ákveði ÍF að aðeins A-hópur geti farið á HM þá gildir það fyrir alla hópa því nú eiga A, B og C hópar allra greina að vera sambærilegir.

- Vegna æfingabúða innanlands greiðir ÍF allan kostnað við þjálfun, aðstöðu, fræðslu og fæði á milli æfinga eftir því sem við á. Ferðakostnaður vegna æfingabúða er greiddur með eftirfarandi hætti:
 - A-flokkur fær allan ferðakostnað, ef einhver er, greiddan.
 - B-flokkur greiðir, ef einhver er, 30% af tilfallandi ferðakostnaði.
 - C-flokkur greiðir, ef einhver er, 40% af tilfallandi ferðakostnaði.
 - U-flokkur greiðir, ef einhver er, 50% af tilfallandi ferðakostnaði.